



**88. fundur Fjölskylduráðs Múlapings
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 28. nóvember 2023
og hófst hann kl. 12:30**

Fundinn sátu:

Sigurður Gunnarsson formaður, Björg Eypórsdóttir varaformaður, Guðmundur Björnsson Hafþórsson aðalmaður, Guðný Lára Guðrúnardóttir aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Eypór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti Þorsteinsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri og Júlía Sæmundsdóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Júlía Sæmundsdóttir, félagsmálastjóri

Helga Þórarinsdóttir, verkefnastjóri í félagsþjónustu mætti á fundinn undir 1. lið. Anna Alexandersdóttir, verkefnastjóri barnaverndar og Austurlandslíkansins mætti undir lið 9.

Dagskrá:

1. 202309111 - Gjaldskrár 2024

Starfsmaður leggur fram drög að gjaldskrár félagsþjónustu fyrir árið 2024. Fjölskylduráð samþykkir fyrir sitt leyti framlagðar breytingar.

Samþykkt samhljóða.

2. 202301121 - Reglur um stuðningsþjónustu

Frestað til næsta fundar.

3. 202311115 - Fundir sveitarstjórnar, ráða og heimastjórna janúar til júlí 2024

Lagt er fyrir fundinn fundardagatal sveitarstjórnar, ráða og nefnda á fyrri helmingi næsta árs. Fjölskylduráð samþykkir fyrir sitt leyti framlagt fundardagatal.

4. 202311075 - Skýrsla um húsnæðismál fatlaðs fólks nóvember 2023

Lögð er fram til kynningar skýrsla um húsnæðismál fatlaðs fólks frá Öryrkjabandalagi Íslands.

5. 202311041 - Reglur um Menningarstyrki Múlapings

Samkvæmt bókun á fundi byggðaráðs 21. nóvember s.l. er óskað eftir því að fjölskylduráð tilnefni aðila úr ráðinu til setu í faghópi um úthlutun menningarstyrkja hjá Múlapingi.

Fjölskylduráð tilnefnir Ásrúnu Mjöll Stefánsdóttur sem fulltrúa ráðsins.



Samþykkt samhljóða.

6. 202311286 - Vinnsla barnaverndarmála frá Grindavík

Borist hefur erindi frá félagsþjónustu Grindavíkurbæjar vegna vinnslu barnaverndarmála barna með lögheimili í Grindavík en sem nú eru búsett annars staðar á landinu. Fjölskylduráð vill með öllum ráðum styðja við og aðstoða barnavernd Grindavíkur í vinnslu mála á meðan óvissa er uppi um búsetu í Grindavík.

7. 202311287 - Erindi frá félagsþjónustu Grindavíkur

Borist hafa leiðbeiningar frá félagsþjónustu Grindavíkur varðandi hvernig bregðast skuli við ef íbúar úr Grindavík leita þjónustu hjá öðrum félagsþjónustum á landinu.

Lagt fram til kynningar.

8. 202311225 - Skipurit félagsþjónustu Múlapings

Félagsmálastjóri leggur fram til samþykktar nýtt skipurit í félagsþjónustu. Fjölskylduráð samþykkir nýtt skipulag fyrir sitt leyti og vísar málinu til byggðaráðs.

Samþykkt samhljóða.

9. 202010294 - Barnaverndarmál

Bókun færð í trúnaðarmálabók.

10. 202305269 - Skýrsla félagsmálastjóra 2023

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:15